

## Ófullkomnar sagnir

Fengið úr *Enskri málfræði* eftir Hauk Ágústsson

Eiginlegar ófullkomnar sagnir í ensku eru sex. Þær hafa einungis tvær myndir: Nútíð og þátíð.

Nútíð	Þátíð
can	could
may	might
must	must
ought (to)	ought (to)
shall	should
will	would

Ófullkomnar sagnir eru kallaðar svo sakir þess, að þær skortir nokkur atriði, sem aðrar sagnir hafa til að bera.

### a) Ófullkomnar sagnir eru ekki til í nafnhætti.

Þetta táknar, að ekki er unnt að nota nafnháttarmerkið *to* fyrir framan þessar sagnir. Einnig geta þær ekki komið á eftir sögnum, sem taka með sér nafnhátt. Af þessu leiðir, að framtíð og skildagatíð, sem myndast með *shall*, *will* og *should*, *would* og nafnhætti, er ekki hægt að mynda af ófullkomnum sögnum.

### b) Ófullkomnar sagnir taka ekki þriðju persónu-s.

Allar aðrar sagnir í ensku taka á sig endinguna *-s* í þriðju persónu, eintölu, nútíð, nema tvær, sem mynda sérstakar myndir fyrir þessa beygingarmynd. Ófullkomnar sagnir geta þó staðið í þriðju persónu nútíð í eintölu, en hafa þá óbreytta nútíðarmynd sína.

### Dæmi:

- He **can** come if he wants to.
- John **may** go.
- Phil **must** do her homework.
- Fran knows that she **ought to** go and see her.
- He doesn't want to stay behind, but he **shall**. She **will** not (won't) be long.

### c) Ófullkomnar sagnir eru ekki til í lýsingarhætti nútíðar.

Lýsingarháttur nútíðar myndast með því að bæta *-ing* á stofn eða nafnhátt sagnarinnar. Ófullkomnar sagnir geta ekki bætt á sig þessari endingu og eru því ekki til í þessum hætti. Af þessu leiðir, að samfellda beygingu, sem myndast með *to be* og lýsingarhætti nútíðar af aðalsögn, er ekki hægt að mynda af ófullkomnum sögnum.

### d) Ófullkomnar sagnir eru ekki til í lýsingarhætti þátíðar.

Lýsingarháttur þátíðar af reglulegum sögnum myndast með endingunni *-ed*. Þessa endingu er ekki hægt að setja á ófullkomnar sagnir. Ekki er heldur hægt að nota þátíðarmynd ófullkominna sagna sem lýsingarhátt þátíðar. Af þessu leiðir, að samsettar tíðir, sem myndast með *to have* og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögn, er ekki hægt að mynda af ófullkomnum sögnum.

e) Ófullkomnar sagnir þarfnast ekki hjálparsagnarinnar *to do* til þess að mynda neitunarsetningar (dæmi 1) og spurnarsetningar (dæmi 2).

Í þessu eru ófullkomnar sagnir ólíkar flestum enskum sögnum, en þær þarfnast hjálparsagnarinnar *to do* til þess að mynda neitunarsetningar og aðrar spurnarsetningar en þær, sem hefjast á spurnarorðum (spurnarfornöfnum og spurnaratviksorðum).

#### Dæmi:

(1)

- I **can't** come today.
- You **mustn't** stay out late.
- The boys **will not (won't)** be able to do this.

(2)

- **Can** you do this for me?
- **May** I sit down?
- **Must** you go now?
- **Oughtn't** you speak to your father?
- **Shall** I guide you across the street?
- **Will** he come here later today?

f) Til ófullkominna sagna eru líka iðulega taldar fleiri sagnir, kallaðar óeiginlegar ófullkomnar sagnir, svo sem *to dare* og *to need*, og einnig orðasambönd, svo sem *used to*, *had better*, *would rather* og *to be to*. Þessar sagnir og orðasambönd hafa að hluta til svipaða verkan og ófullkomnar sagnir; taka til dæmis með sér nafnhátt sagnarinnar, sem kemur með þeim.

g) Þegar sögn kemur með ófullkominni sögn, er fylgisögnin ævinlega í nafnhætti án nafnháttarmerkisins *to*, nema ef um sögnina *ought* er að ræða. Með henni kemur nafnháttarmerkið *to* í fullyrðingarsetningum og á stundum endranær.

### Dæmi:

- Bill **can** board with us for the time being.
- You children **can** play in the garden.
- Julian **may** not know it yet, but he flunked.
- I **may** give you another apple if you behave yourself.
- We **must** flee immediately.
- There is no escaping it, you **must** go.
- You **ought to** visit your aunt at the hospital.
- He **ought to** stay here while his mother is ill.
- We **shall** see to it that she does her bit.
- I **shall** look in on you the next time I'm in town.
- Now that they are here, they **will** stay awhile.
- When **will** you return?

*h)* Ófullkomin sögn getur staðið án annarrar sagnar, og er þá gjarnan notuð til þess að komast hjá því að endurtaka aðra sögn.

### Dæmi:

- **Would** you give me another piece of cake? - I cannot. It's finished.
- I think she'**ll** walk home, but still she may not.
- I don't want to go. - You **must**.
- He trusts his partner completely, but he **oughtn't**.
- He's going driving tomorrow, but I **shan't (shall not)** go with him.
- They're going fishing tomorrow, but you **won't (will not)**.